

# Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2020, þriðjudaginn 8. desember kl. 10:05 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1094. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erla Bjarný Jónsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Edda Þórsdóttir og Olga Hrund Sverrisdóttir

Fundarritari var Erla Barný Jónsdóttir.

## Þetta gerðist:

### Nýjar/br. fasteignir

- Austurberg 5** (46.637.01) 112063 Mál nr. BN058548  
590182-1099 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Austurbergi 5, 111 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058170 þannig að staðsetningu gáma er breytt og stækkar við það tengibygging að vesturgafli mhl. 02, Fjölbrautarskólans í Breiðholti, á lóð nr. 5 við Austurberg.  
Uppfærð stækkun: 215.1 ferm., 576.3 rúmm.  
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 26. nóvember 2020.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
- Baldursgata 3** (01.185.206) 102160 Mál nr. BN056201  
Victor Pétur Ólafsson, Goðatún 13, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að hækka mhl. 01 og mhl. 02 um eina hæð og stækka íbúðir sem fyrir eru á lóð nr. 3 við Baldursgötu.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 11. febrúar 2019, samþykki meðlóðarhafa og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.  
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. september 2019.  
Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Baldursgötu 1,4,6 og 6A, Bergstaðastræti 44, 46 og 48 og Laufásvegi 35 og 37 frá 16. ágúst 2019 til og með 13. september 2019. Engar athugasemdir bárust.  
Stækkun mhl. 01: 54,7 ferm., 130,2 rúmm.  
Stækkun mhl. 02: 39,4 ferm., 90,5 rúmm.  
Samtals stækkun: 94,1 ferm., 220,7 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda.*

3. **Barmahlíð 46** (17.101.07) 107147 Mál nr. BN058546  
Anna Lóa Sigurjónsdóttir, Barmahlíð 46, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að færa eldhús og opna milli stofu og nýs eldhúss á annarri hæð húss á lóð nr. 46 við Barmahlíð.  
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 22. maí 2010 fylgir erindinu.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
4. **Bergstaðastræti 20** (01.184.011) 102006 Mál nr. BN056563  
Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Bergstaðastræti 20, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir nýjum gluggum á suðurhlið og svölum á vesturhlið húss á lóð nr. 20 við Bergstaðastræti.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. ágúst 2019 og dags. 24. júní 2020, umsögn Minjastofnunar dags. 24. júní 2020, minnisblað frá burðarvirkishönnuði dags. 26. júní 2020 og yfirlit breytinga mótt. 26. júní 2020. Einnig fylgir erindinu beiðni eiganda um að fella niður erindi BN055021, dags. 24. júní 2020.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. desember 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. desember 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2020.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
5. **Bíldshöfði 12** (40.641.01) 110669 Mál nr. BN058036  
531211-0300 Phoenix ehf., Laufbrekku 2, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi veitingastaðar í flokki II, tegund a) veitingahús, rými 0203 á 2. hæð, fyrir 36 gesti og áður gerðum breytingum þar sem settur var upp neyðarstigi, gluggum breytt í hurðir út á flóttasvalir og breytingu á loftræstiröri á húsi á lóð nr. 12 við Bíldshöfða.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar um breyttan texta í umsókn, dags. 1. október 2020 og ljósmyndir frá hönnuði sem staðfesta áður gerðar breytingar mótt. 2. desember 2020.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.*
6. **Dalbraut 12** (01.344.501) 104042 Mál nr. BN055327  
500300-2130 Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir 4. áfanga endurbóta, sjá erindi BN053166, til að breyta uppbyggingu þaks, klæða suðausturálmum að utan með flísum og skipta um glugga í barna- og unglingsgeðdeild á lóð nr. 12 við Dalbraut.  
Gjald kr. 11.000  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*

7. **Efstaleiti 3** (17.450.01) 180143 Mál nr. BN057888  
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi fyrstu hæðar ásamt því að byggja reiðhjólaskýli á lóð nr. 3 við Efstaleiti.  
Stærð hjólaskýlis B- rými er : 16,8 ferm., 38,1 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
8. **Einimelur 10** (15.262.06) 106083 Mál nr. BN058531  
Einar Baldvin Árnason, Einimelur 10, 107 Reykjavík  
Sigurbjörg J Skarphéðinsdóttir, Einimelur 10, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og til þess að byggja ofan á bílskúr og stækka íbúð einbýlishúss á lóð nr. 10 við Einimel.  
Stækkun: 40.1 ferm., 207.5 rúmm.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 24. nóvember 2020, umsögn Minjastofnunar dags. 18. maí 2020, svar skipulagsfulltrúa við fyrirspurn, SN200336, dags. 12. júní 2020, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 24. nóvember 2020, mæliblað 1.526.2 með síðustu breytingu dags. 8. ágúst 1962 ásamt ódagsettu hæðablaði og yfirlit breytinga ásamt skuggavarpi.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Erindi vísað til skipulagsfulltrúa í grenndarkynningu.*  
*Vísað til uppdráttar nr. 2101, 2102, 2111 dags. 3. desember 2020, 2112, 2115 dags. 24. nóvember 2020.*
9. **Eyjarslóð 5** (11.114.03) 100025 Mál nr. BN058573  
700410-1450 Reykjavík Rent ehf, Hverfisgötu 105, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða viðbyggingu við austurenda og byggja inndregna hæð ofaná, einangra og klæða að utan og innrétta veitingastaði í flokki ?, teg. ? og skrifstofur í húsi á lóð nr. 5 við Eyjarslóð.  
Erindi fylgir yfirlit yfir eldri samþykktir.  
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*

10. **Gefjunarbrunnur 14** (26.954.06) 206032 Mál nr. BN057840  
441007-1320 Fagmót ehf., Laufbrekku 3, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tvíbýlishús á lóð nr. 14. við Gefjunarbrunn.  
Erindi fylgir afrit af hæða- og mæliblaði, afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020 og tillaga að breytingum m.t.t. algildrar hönnunar dags. 21. júní 2020.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. september 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2020.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. desember 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. desember 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2020.  
Stærðir:  
1. hæð: 104,0 ferm., 309,9 rúmm  
2. hæð: 129,2 ferm., 445,7 rúmm.  
Samtals: 233,2 ferm., 783,3 rúmm.  
Bílastæði í B-lokun: 34,0 ferm., 101,3 rúmm.  
Svalir í C-lokun: 7,5, ferm.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 2. desember 2020.*
11. **Gnoðarvogur 44-46** (14.441.01) 105528 Mál nr. BN058520  
461087-1329 Sjónver ehf., Síðumúla 29 3.hæð, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi með áður gerðum millivegg og opna veitingastað í fl. 1 tegund d, í rými 0102 í húsi nr. 44, mhl.01, á lóð nr. 44-46 við Gnoðarvog.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti teikninga stimpluðum 24. janúar 2017.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
12. **Grettisgata 50** (11.901.06) 102381 Mál nr. BN058513  
Gauti Þormóðsson, Kleppsvegur 32, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja milligólf, breyta gluggum og hurðum og innrétta einbýlishús í fyrrum bílaverkstæði og reykhusi á lóð nr. 50 við Grettisgötu.  
Erindi fylgir bréf frá eiganda dags. 3. desember 2020 þar sem óskað er eftir að núgildandi byggingarleyfi BN055799 verði fellt úr gildi.  
Lagðar eru fram umsagnir Minjastofnunar dags. 11. febrúar 2019 og Skipulagsfulltrúans í Reykjavík dags. 29. mars 2019.  
Stækkun: 30 ferm.  
Eftir stækkun: 195,6 ferm., 615,5 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*

13. **Gylfaflöt 2** (25.782.01) 224860 Mál nr. BN058289  
 591110-2920 Curvy ehf., Pósthólf 8215, 128 Reykjavík  
 600302-2130 M M varnir ehf., Smáraríma 110, 112 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og útbúa á millilofti, rými 0116, framleiðslueldhús fyrir 1-2 starfsmenn, þar sem hægt verður að útbúa léttu rétti fyrir matarvagn og veislur, í rými 0104, í iðnaðarhúsi á lóð nr. 2 við Gylfaflöt.  
 Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 28. október 2020.  
 Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.*
14. **Hafnarstræti 18** (11.403.03) 100837 Mál nr. BN058455  
 700104-2650 Suðurrhús ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054146 þannig að byggð verður viðbygging á austurhlíð með svölum á þaki og sótt er um að breyta byggingarefni gólfs 1. hæðar aðalhúss í steinsteypt, borið af stálsúlum í kjallara í húsi á lóð nr. 18 við Hafnarstræti.  
 Stækkun: 18,1 ferm., 81,8 rúmm.  
 Eftir stækkun: 1.025,5 ferm., 3.666,9 rúmm.  
 Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*  
*Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
15. **Háaleitisbraut 58-60** (12.844.01) 103735 Mál nr. BN058569  
 550269-4149 Samband íslenskra kristniboðsf, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0302 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 58-60 við Háaleitisbraut.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
16. **Holtavegur 8-10** (14.081.01) 104960 Mál nr. BN058567  
 530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057623 með því að breyta opnun hurða, fjarlægja útskot á gangi og breyta innra skipulagi í einu fundarherbergi rými 0202 í húsi á lóð nr. 10 við Holtaveg.  
 Erindi fylgir yfirlit yfir breytingar.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.*

17. **Hringbraut 119** (15.203.01) 105924 Mál nr. BN058517  
Rafn Guðmundsson, Bárugata 30A, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta núverandi verslunarhúsnæði í tvær minni verslanir og setja nýja útidyrhurð á austurhlíð húss á lóð nr. 119 við Hringbraut.  
Erindi fylgir mæliblað útg. 25. október 1983.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
18. **Hringbraut 121** (15.202.02) 105922 Mál nr. BN058407  
460269-4079 Myndlistaskólinn í Reykjav ses., Hringbraut 121, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi Myndlistarskólans í Reykjavík á 2. og 3. hæð húss á lóð nr. 121 við Hringbraut.  
Erindi fylgja bréf frá hönnuði dags 11. og 19. nóvember, húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 16. nóvember 2020 og yfirlit yfir breytingar á síðustu samþykktum uppdráttum.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.*
19. **Hverfisgata 94** (11.740.11) 224105 Mál nr. BN058404  
710316-1470 Hverfisstígur ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta verslunarrými 0101 á jarðhæð sem netverslun og söluráðgjöf í húsi á lóð nr. 94-96 við Hverfisgötu.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
20. **Karfavogur 44** (01.444.001) 105515 Mál nr. BN057424  
Finnbogi Sigurðsson, Galtalind 12, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem eru að gert er grein fyrir ósamþykkttri íbúð 0001 í kjallara og ýmsum breytingum öðrum á húsi á lóð nr. 44 við Karfavog.  
Erindi fylgir þinglýst afsal dagsett. 1. ágúst 1991.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
21. **Kjalarvogur 5** (14.244.01) 178219 Mál nr. BN058227  
440598-2189 Sölufélag garðyrkjumanna ehf., Brúarvogi 2, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049070 þannig að viðbygging er reist við anddyri á suðurhlíð, komið fyrir flóttastiga með svölum á suðaustur horni auk þess sem innra skipulagi er breytt þannig að komið verður fyrir lyftu á milli 2. og 3. hæðar og nýjum millipalli, 0105, í húsinu á lóð nr. 5 við Kjalarvog.  
Stækkun A rýma er: XX ferm., XX rúmm.  
Stækkun B rýma er XX ferm., XX rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*

22. **Kleifarvegur 12** (13.804.02) 104762 Mál nr. BN058529  
 Eyjólfur Reynisson, Kleifarvegur 12, 104 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til þess að stækka stofu á kostnað svala, bæta við glugga á suðurhlíð og fjarlægja burðarvegg að hluta í íbúð 0101 í tvíbýlishúsi á lóð nr. 12 við Kleifarveg.  
 Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm.  
 Erindi fylgir yfirlýsing burðarvirkishönnuðar sem afrit af tölvupósti dags. 6. nóvember 2020 og samþykki eigenda íbúðar 0001 dags. 18. nóvember 2020.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Erindi er í skipulagsferli.*
23. **Laufásvegur 19** (11.835.10) 197991 Mál nr. BN058578  
 Ingibjörg Matthíasdóttir, Laufásvegur 19, 101 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047249 vegna lokaúttektar þannig að loftræsi- og brunamerkingum er breytt sem og geymslusvæði og innréttingum í íbúð 0102 í húsi á lóð nr. 19 við Laufásveg.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
24. **Laugavegur 6** (11.713.02) 101402 Mál nr. BN058338  
 580215-1300 Laugastígur ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að breyta notkun rýmis 0101 í mhl.02 úr verslun í ísbúð með sameiginlegri starfsmannaaðstöðu í kjallara húss á lóð nr. 4-6 við Laugaveg.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.*
25. **Laugavegur 61-63** (11.730.16) 101505 Mál nr. BN058391  
 Lilja Gunnarsdóttir, Laugavegur 63, 101 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til þess að breyta skrifstofurými, 0402, á 4. hæð í áður gerða íbúð og setja nýjar þaksvalir á austurþekju sambýlishúss mhl.02, á lóð nr. 61-63 við Laugaveg.  
 Erindi fylgir bréf hönnuðar og yfirlit breytinga dags. 5. nóvember 2020.  
 Minnkun: 7,7 ferm., 96.6 rúmm.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
26. **Lautarvegur 12** (17.941.05) 213563 Mál nr. BN058526  
 591016-0910 Vogurinn fasteignafélag ehf., Lautarvegi 8, 103 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða steinsteypt fjölbýlishús með þremur íbúðum og tvöfaldri bílgeymslu á lóð nr. 12 við Lautarveg.  
 Stærð A-rými: xxferm., xx rúmm.  
 B-rými: xx ferm., xx rúmm.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*

27. **Leiruvegur 5** (00.026.002) 125677 Mál nr. BN058374  
 Jón Jóhann Jóhannsson, Perluhvammur, 162  
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055511 þannig að anddyri og geymsla 1 eru stækkuð og þak yfir anddyri verður risþak, lagi milligólfs er breytt, kúluformað hús verður einangrað að utan og klætt stálsamlökueiningum og steyptir útveggir verða einangraðir og klæddir bástáli og timbri á einbýlishúsi á lóð nr. 5 við Leiruveg.  
 Stækkun mhl. 01, A-rými: 6,2 ferm., 74,2 rúmm.  
 Stækkun mhl. 03, B-rými: 21,1 ferm., 82,3 rúmm.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Lagfæra skráningu.*
28. **Lofnarbrunnur 14** (50.555.01) 206089 Mál nr. BN058577  
 600416-1700 Seres byggingafélag ehf., Dalshrauni 13, 220 Hafnarfjörður  
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052686 þannig að op í stigahúsi er fjarlægð, breytt form svefnherbergis og svalahandrið er breytt í glerhandrið á húsi á lóð nr. 14 við Lofnarbrunn.  
 Stækkun vegna lokun á opi í stigahúsi er: 5,2 ferm.  
 Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*  
*Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
29. **Miklabraut 100** (17.202.01) 107286 Mál nr. BN058420  
 590269-1749 Skeljungur hf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þannig að innra skipulagi veitingastaðar í flokki 1, tegund d) veitingaverslun í skála við bensínstöð er breytt, á lóð nr. 100 við Miklubraut.  
 Erindi fylgir tölvupóstur með staðfestingu frá HER dags. 2. desember 2020 og tölvupóstur frá hönnuði um breyttan texta í umsókn dags. 2. desember 2020.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
30. **Mímisvegur 4** (11.961.09) 102650 Mál nr. BN058524  
 Rögnvaldur Guðmundsson, Mímisvegur 4, 101 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053942 þannig að 3. hæð er breytt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 4 við Mímisveg.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*



31. **Rafstöðvarvegur 10-12** (42.553.04) 217494 Mál nr. BN058442  
 551298-3029 Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að endurbyggja hlöðu á lóð nr. 10-12 við Rafstöðvarveg.  
 Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 26. ágúst 2020 og minnisblað frá Hnit ehf. um ástandsskoðun á byggingum á Rafstöðvarvegi 10-12 dags. 12. febrúar 2020.  
 Stækkun: 7,5 ferm.  
 Stærð: 94,5 ferm., 391,2 rúmm.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
32. **Seljavegur 2** (11.301.05) 100117 Mál nr. BN058575  
 620617-2370 Grandinn - Íbúðafélag ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík  
 Sótt um leyfi til að breyta erindi BN58098 þannig að hæðarkótum, útliti og gluggasetningu, innra skipulagi í kjöllurum og íbúð 0601 er breytt auk þess sem stærðir breytast í fjölbýlishúsum á lóð nr. 2 við Seljaveg.  
 Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
 Stærðir:  
 Stækkun 25,6 ferm., minnkun -246,7 rúmm.  
 Heildarstærð eftir breytingu:  
 10.277,3 ferm., 34.090,5 rúmm.  
 Gjald kr. 11.200.  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.*
33. **Silfratjörn 26** (50.524.01) 226826 Mál nr. BN058570  
 681206-0510 Stéttafélagið ehf., Breiðhelli 12, 221 Hafnarfjörður  
 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN056152 vegna lokaúttektar, sem felst meðal annars í því að byggingarlýsing hefur verið uppfærð, innra skipulagi, útliti og efnisvali stígahandriðs er breytt ásamt breytingum á lóðafrágangi við raðhús nr. 26-32 á lóð nr. 26 við Silfratjörn.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
34. **Síðumúli 1** (12.920.01) 103784 Mál nr. BN058427  
 590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051888 vegna lokaúttektar þannig að brunahólfun umhverfis stiga á 2. hæð er breytt í húsi á lóð nr. 1 við Síðumúla.  
 Erindi fylgir yfirlit breytinga mótt. 12. nóvember 2020.  
 Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

35. **Skeljatangi 5** (16.752.03) 106910 Mál nr. BN058498  
Hannes Árdal, Skildinganes 43, 102  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, færa eldhús og snyrtingar, innrétta vinnuherbergi í hluta bílskúrs, bæta við glugga á suðurhlíð og til að byggja garðvegg framan við hús og pergólu framan við bílgeymslu einbýlishúss á lóð nr. 5 við Skeljatanga.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 17. nóvember 2020 og yfirlýsing burðarvirkishönnuðar dags. 16. nóvember 2020.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 27. nóvember 2020 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 30. nóvember 2020.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
36. **Skildinganes 19** (16.740.09) 106847 Mál nr. BN058571  
Rannveig Hallvarðsdóttir, Skildinganes 19, 102  
Sótt er um leyfi til að endurbyggja og breyta glerhúsi á svölum tvíbýlishúss á lóð nr. 19 við Skildinganes.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
37. **Skógargerði 1** (18.370.07) 108644 Mál nr. BN058479  
Vigdís Jóhannsdóttir, Skógargerði 1, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir nýjum glugga og svalahurð á austur vegg sem og verönd, einnig er sótt um að færa salerni og eldhús innan 1. hæðar í húsi á lóð nr. 1 við Skógargerði.  
Erindi fylgir tölvupóstur frá hönnuði þar sem samþykki eiganda Skógargerðis 3 kemur fram og bréf hönnuðar dags. 26. nóvember 2020, einnig ljósmyndir sem staðfesta breytingu á gluggum mótt. 3. desember 2020.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Erindi vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.*  
*Vísað til uppdráttar nr. 301 dags. 10. nóvember 2020.*
38. **Skógarhlíð 22** (17.058.02) 178936 Mál nr. BN058225  
450202-3980 Fjölhæfni ehf., Ránarvöllum 12, 230 Keflavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta 6 íbúðir, endurbyggja tröppur á norðausturhlíð, og setja opnanlega glugga og svalir á 2. hæð Þóróddsstaða, iðnaðar- og sambýlishúss á lóð nr. 22 við Skógarhlíð.  
Erindi fylgir umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur, vegna breytinga á deiliskipulagi, dags. 28. mars 2017, bréf frá hönnuði dags. 26. nóvember 2020 og tölvupóstur Minjastofnunar dags. 10. nóvember 2020.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*

39. **Skútuvegur 4** (14.202.01) 105166 Mál nr. BN058565  
 701293-3049 Bílaréttingar/bílaspr Sævar ehf, Skútuvogi 4, 104 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057687 þannig að komið verður fyrir starfsmannaáðstöðu á millipalli 0202, millipallur 0201 er stækkaður og gerð ný útihurð á austurhlið húss á lóð nr. 4 við Skútuveg.  
 Stækkun: x.xx ferm  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
40. **Skútuvegur 5** (14.217.01) 177946 Mál nr. BN058258  
 Guðmundur Oddur Víðisson, Litla-Tunga, 276 Mosfellsbær  
 Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi kjallara og 1. hæðar, koma fyrir rýmingarleið fyrir olíulager á útvegg suðurhliðar og flóttastiga á austurgafli skrifstofu- og vörugæmsluhúss á lóð nr. 5 við Skútuveg.  
 Erindi fylgir yfirlýsing lóðarhafa og samþykki fyrir nýjum rýmingarleiðum dags. 12. október 2020, brunahönnunarskýrsla Lotu dags. 14. október 2020, skýrsla um magn olíu og annarra efnavöru dags. 2. desember 2020 ásamt yfirliti breytinga á eldri stimpluðum teikningum.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
41. **Sléttuvegur 25** (17.931.01) 213549 Mál nr. BN058566  
 570269-2679 Sjómannadagsráð, Laugarási Hrafnistu, 104 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund c) veitingastofa og greiðasala, fyrir 79-90 manns, en allt að 260 manns þegar hliðarsalir eru teknir með auk útiveitinga við hús nr. 27 á lóð nr. 25 við Sléttuveg.  
 Erindi fylgir afrit af teikningum samþykktum 30. júní 2020.  
 Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
42. **Sólvallagata 68** (11.345.10) 100394 Mál nr. BN058432  
 550206-0480 Rico ehf., Sólvallagötu 68, 101 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem eru að skipta baðherbergi á 2. hæð, norðurenda, í tvö baðherbergi, herbergi breytt í stofu og eldhúsi og stofu breytt í herbergi í húsinu á lóð nr. 68 við Sólvallagötu.  
 Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

43. **Sólvallagata 79** (11.381.01) 100717 Mál nr. BN058402  
650117-1230 U22 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja fjögur tveggja til fimm hæða fjölbýlishús með 83 íbúðum, atvinnurýmum á götuhlið v/Hringbraut og bílakjallara fyrir 82 bíla, steinsteypt, einangruð að utan og með loftræstri klæðningu á Steindórsreit á lóð nr. 79 við Sólvallagötu.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg, verkfræðistofu dags. 26. október 2020 og greinargerð um hljóðvist frá Eflu dags. 17. apríl 2020.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. desember 2020, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. desember 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2020.  
Stærð, A-rými: 9.184,2 ferm., 29.051,2 rúmm.  
B-rými: 3.747 ferm., xx rúmm.  
Samtals: 12.931,2 ferm., xx rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
44. **Suðurlandsbraut 20** (01.264.002) 103525 Mál nr. BN056311  
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum framkvæmdum sem eru innra skipulagi er breytt og til að sameina rými á 1. hæð í húsi á lóð nr. 20 við Suðurlandsbraut.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
45. **Súðarvogur 9** (14.530.03) 105616 Mál nr. BN058482  
470920-1490 SV 9-11 ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að rífa samtengdar iðnaðarbyggingar, F2023208, á lóð nr. 9 við Súðarvog.  
Erindi fylgir yfirlýsing eigenda dags. 13. nóvember 2020 og yfirlit yfir væntanlegar byggingar á lóðinni.  
Birt stærð niðurrifs: 972,0 ferm., 4.000,0 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
46. **Sæmundargata 15** (16.313.03) 220416 Mál nr. BN058493  
510615-0690 Fasteignafélagið Eyjólfur ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu, mhl. 02, fjórar hæðir og kjallara, steinsteypt, einangruð og klædd glerklæðningu, við hátækni Alvotech á lóð nr. 15-19 við Sæmundargötu.  
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. 17. nóvember 2020, samþykki fasteignafélagsins Sæmundar dags. 17. nóvember 2020, minnisblað frá Lagnatækni um kælikerfi dags. 25. nóvember 2020 og yfirlit yfir eldra hús.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. desember 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. desember 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. desember 2020.  
Stækkun, A-rými: 12.252,3 ferm., 57.445 rúmm.  
B-rými: 110,7 ferm., 685 rúmm.  
Samtals stækkun: 12.363 ferm., 58.130 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. desember 2020.*

47. **Sævarhöfði 33** (40.224.01) 110504 Mál nr. BN058518  
 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
 690312-1310 Hjólaskautafélagið, Kvistavöllum 59, 221 Hafnarfjörður  
 Sótt er um leyfi til að breyta notkun húsnæðis, matshl.02, úr verkstæði í æfingarhúsnæði og hjólaskautahöll, innra skipulagi verður breytt þannig að rými verða stækkuð og ný gólfplata lokar gryfjum í sal í húsi á lóð nr. 33 við Sævarhöfða.  
 Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 20. nóvember 2020, yfirlit breytinga og samþykki eiganda dags. 20. nóvember 2020, einnig bréf hönnuðar dags. 3. og 4. desember 2020.  
 Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
48. **Tunguvegur 12** (18.223.03) 108326 Mál nr. BN057999  
 Þorgrímur Þráinsson, Tunguvegur 12, 108 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteyptan bílskúr, mhl.02, á lóð nr. 12 við Tunguveg.  
 Stærð: 32.6 ferm., 97.8 rúmm.  
 Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 15. ágúst 2020, mæliblað 1.822.3 síðast útgefið 9. maí 2011 og hæðablað útgefið í ágúst 2001.  
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. október 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. október 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2020. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Tunguvegi 10, 14 og Rauðagerði 53 og 55 frá 21. september 2020 til og með 19. október 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Jón Viðar Gunnarsson og Ellý Hauksdóttir Hauth dags. 25. september 2020, Björg Kristín Sigþórsdóttir 19. október 2020 og Helgi Kristján Pálsson dags. 19. október 2020.  
 Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
49. **Urðarbrunnur 7-11** (50.538.01) 206131 Mál nr. BN058576  
 460303-2220 Wium ehf, Vesturfold 34, 112 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að byggja þriggja íbúða, steinsteypt, tveggja hæða raðhús með innbyggðum bílgeymslum, einangrað að utan og klætt loftaðri áklæðningu, á lóð nr. 7-11 við Urðarbrunn.  
 Stærð, mhl. 01, A-rými: 228,9 ferm., 778,3 rúmm.  
 B-rými: 20,2 ferm., 60,2 rúmm.  
 Mhl. 02, A-rými: 428,3 ferm., 1.363 rúmm.  
 B-rými: 22,2 ferm., 66,2 rúmm.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda.*

50. **Urðarbrunnur 80** (50.543.01) 205797 Mál nr. BN058574  
 Steinn Jóhann Randversson, Marteinslaug 14, 113 Reykjavík  
 Helga Kristín Hermannsdóttir, Marteinslaug 14, 113 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteyppt tveggja hæða einbýlishús, einangrað og klætt að utan, með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 80 við Urðarbrunn.  
 Stærð, A-rými: 259,5 ferm., 969,6 rúmm.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
51. **Urðarbrunnur 110-112** (50.544.05) 205802 Mál nr. BN058485  
 571203-3830 SMG ehf., Vatnagörðum 28, 104 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi til þess að byggja parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á lóð nr. 110-112 við Urðarbrunn.  
 Stærðir:  
 Nr. 110 - Mhl.01: 205.8 ferm., 691.1 rúmm.  
 Nr. 112 - Mhl.02: 205.7 ferm., 691.1 rúmm.  
 Samtals: 411.6 ferm., 1.382.2 rúmm.  
 Erindi fylgir mæliblað 5.054.4 útgefið 6. júlí 2007, hæðablað 5.054.4, útg. B3 dags. september 2010 ásamt samþykki aðliggjandi lóðarhafa v.frágangs á lóðamörkum dags. 16. nóvember 2020.  
 Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
52. **Vesturgata 67** (11.331.04) 100224 Mál nr. BN058368  
 510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík  
 Sótt er um leyfi fyrir steinsteypu fjögurra hæða húsi með sex íbúðum auk starfsmannarýmis, sem verður "léttur" búsetukjarni í notkunarflokki 5, á lóð nr. 67 við Vesturgötu.  
 Erindi fylgir greinagerð hönnuða um algilda hönnun dags. 19. október 2020, brunahönnunarskýrsla dags. 14. september 2020 og útreikningar á orkuramma dags. 6. nóvember 2020.  
 Stærð: 535,6 ferm., 1.632,2 rúmm.  
 B-rými: 43,4 ferm.  
 Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*

53. **Ægisíða 56**

(15.540.06) 106573

Mál nr. BN058390

Sigrún Gísladóttir, Ægisíða 56, 107 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi kjallaraíbúðar, grafa frá suðurhlið og setja hurð og verönd auk þess er sótt um leyfi til að setja þakglugga í ris og fyrir áður gerðum breytingum á 1. og 2. hæð húss á lóð nr. 56 við Ægissíðu.

Erindi fylgir afrit af teikningum samþ. 18. júlí 1955 og 28. október 1970 og mæliblað nr. 1.554.0 ódagsett, einnig samþykki eigenda íbúðar 0201 á afriti af teikningum dags. 20. nóvember 2020 og staðfesting á eignarhaldi mótt. 3. desember 2020.

Stækkun: 39,9 ferm., 121,6 rúmm.

Gjald kr. 11.200

*Frestað.*

*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

## Ýmis mál

54. **Langholtsvegur 192** (14.451.09) 105562 Mál nr. BN058564  
Laura Schild, Langholtsvegur 192, 104 Reykjavík  
Tristan Louis Andréas Schmale, Langholtsvegur 192, 104 Reykjavík  
Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að fjarlægja vegg milli eldhúss og herbergis og milli herbergis og borðstofu í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 192 við Langholtsveg.  
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 11. nóvember 2020, samþykki meðeigenda dags. 30. nóvember 2020 og greinargerð hönnuðar dags. 27. nóvember 2020.  
Gjald kr. 11.200  
*Afgreitt.*  
*Sækja þarf um byggingarleyfi sbr. leiðbeiningar á athugasemdar blaði.*
55. **Móaberg** (52.000.040) 125853 Mál nr. BN058585  
Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans til að stofna nýja landareign úr landinu Móabergi á Kjalarnesi, í samræmi við meðfylgjandi teikningar sem eru dagsettar 03.12.2020.  
Landið Móaberg (staðgr. 33.635.501, L125853) er talið í fasteignaskrá 138252 m<sup>2</sup>.  
Landið reynist 138236 m<sup>2</sup>.  
Teknir 1829 m<sup>2</sup> af landinu og lagðir til nýs lands, Móaberg vegsvæði (staðgr.nr. 33.635.502, L230952).  
Landið Móaberg (staðgr. 33.635.501, L125853) verður 136407 m<sup>2</sup>.  
Nýtt land, Móaberg vegsvæði (staðgr.nr. 33.635.502, L230952).  
Lagðir 1829 m<sup>2</sup> til landsins frá landinu Móabergi (staðgr. 33.635.501, L125853).  
Landið Móaberg vegsvæði (staðgr.nr. 33.635.502, L230952) verður 1829 m<sup>2</sup>.  
Sjá kaupsamning Vegagerðarinnar á hluta af Móabergi vegna breikkunar á vegsstæði Vesturlandsvegur, dags. 01.07.2020.  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Uppdrátturinn öðlast gildi þegar honum hefur verið þinglýst.*

Fleira gerðist ekki.  
Fundu slitið kl. 14:00.

Erla Bjarný Jónsdóttir  
Nikulás Úlfar Másson  
Edda Þórsdóttir  
Jón Hafberg Björnsson  
Olga Hrund Sverrisdóttir